



Safnanefnd  
Hafnargötu 2  
730 Fjarðabyggð

Fjarðabyggð, 13.01.2020

### Tilkynning um slit á félagi.

Hér með tilkynnist að stjórn um sjálfseignarstofnun Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar hefur formlega verið lögð niður.

Lyktir málsins voru þessar:

Á 12. fundi Safnanefndar sem haldinn var 15. október 2019, var ákveðið að fela formanni Safnanefndar, Jóni Birni Hákonarsyni og forstöðumanni Safnastofnunar Fjarðabyggðar, Pétri Sörenssyni að fylgja eftir hugmyndum Safnaráðs um að leggja niður sjálfseignarstofnun um safn Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar í samráði við stjórn stofnunarinnar og að í kjölfarið yrði stjórninni slitið.

Á 20. fundi stjórnar sjálfseignarstofnunar um Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar sem haldinn var 18. febrúar 2019, var farið yfir fyrirhuguð áform safnanefndar um að Safnastofnun Fjarðabyggðar undir yfirstjórn safnanefndar tæki yfir alla starfsemi og skyldur Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar og að stjórn sjálfseignarstofnunarinnar um Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar verði lögð niður og félaginu yrði slitið í kjölfarið. Tillaga um að slíta félaginu og leggja niður sjálfseignarstofnun um safn Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar var borin upp á fundinum og var hún samþykkt einróma. Var Jóni Birni Hákonarsyni og Pétri Sörenssyni falið að ganga frá málefnum sjálfseignarstofnunarinnar og slíta félaginu með lögmaetum hætti.

Nánari upplýsingar um slit sjálfseignarstofnunarinnar má finna í gagnagrunni Fjarðabyggðar (One) málsnúmer 1911133.

### Safnanefnd

JH

1. fundur

### 6. 1806163 - Stjórn Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar

Stjórn Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar. Bæjarstjórn skipar fulltrúa í stjórn safnsins samkvæmt stofnsamningi þess og eftir tilnefningu safnanefndar.

Jón Björn Hákonarson er tilnefndur sem aðalmaður og Pétur Sörensson sem varamaður í stjórn Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar. Tilnefningum er vísað til bæjarstjórnar. Safnanefnd ræddi framtíð sjálfseignarstofnunar Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar og mun taka það fyrir á næstu fundum.



## Safnanefnd

JH

12. fundur

### 5. 1806163 - Stjórn Sjóminja- og smiðjusafn Jósafats Hinrikssonar.

Lagt fram til kynningar. Safnanefnd felur formanni safnanefndar, Jóni Birni Hákonarsyni og forstöðumanni Safnastofnunar, Pétri Sörenssyni að vinna áfram í málinu.

## Safnanefnd

JH

13. fundur

### 5. 1911143 - 20.fundur sjálfseignarstofnunar um safn Jósafats Hinrikssonar

Lögð fram til upplýsinga fundargerð um slit safnsins.

## Stjórnarfundur Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar.

### Fundargerð 20. fundar stjórnar sjálfseignarstofnunar um safn Jósafats Hinrikssonar

Haldinn er stjórnarfundur í sjálfseignarstofnun um safn Jósafats Hinrikssonar að Hafnarbraut 2 í Neskaupstað fimmtudaginn 21. nóvember 2019, kl. 12:00.

Mættir voru stjórnarmennirnir Jón Björn Hákonarson, Guðjón B. Magnússon og Vilhjálmur G. Pálsson.

Einnig sat fundinn Pétur Þ. Sörensson forstöðumaður Safnastofnunar Fjarðabyggðar.

#### 1. Málefni félagasamtakanna Sjóminja- og smiðjumunasafn Jósafats Hinrikssonar.

Farið var yfir fyrirhuguð áform um að Fjarðabyggð kt. 470698-2099 taki yfir alla starfsemi félagasamtakanna Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar kt. 581102-2080, ásamt öllum eignum og skuldum og að stjórn félagasamtakanna verði lögð niður ásamt kennitölu þess og félaginu verði slitið í kjölfarið.

Tillaga um að leggja niður stjórn félagasamtakanna (safnsins) og kennitölu og jafnframt að Fjarðabyggð taki yfir alla starfsemi, ásamt öllum eignum og skuldum var borin upp og samþykkt einróma.

Jóni Birni Hákonarsyni og Pétri Sörenssyni falið að ganga frá málefnum stjórnar Sjóminja- og smiðjumunasafns Jósafats Hinrikssonar og slíta félagasamtökunum með lögmætum hætti.

Pétur Sörensson  
Forstöðumaður Safnastofnunar